

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær



Reykjavík 28. desember 2015
UST201511-203/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Reykjanesvita og nágrennis.

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Reykjanesvita og nágrennis.

Skipulagssvæðið

Ofangreint skipulagssvæði er um 50 ha og nær til hluta Reykjaness, næsta nágrennis Reykjanesvitans í austur að sveitarfélagamörkum Grindavíkur og í vestur út í hraunin.

Náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að svæðið er hluti svæðis nr. 106 á náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg, Grindavík, Reykjanesbæ.

Umhverfisstofnun tekur undir kröfur um byggingar og frágang lóða á svæðinu, er fram koma í greinargerð.

Gönguleiðir

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um gönguleiðir og telur þær til fyrirmynadar.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir að væntanleg rotþró og lagnir frá henni skuli vera mengunarlaus með öllu. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir staðarval fyrir þjónustumiðstöð og þau rök sem sett eru fram. Stofnunin tekur undir að framkvæmd deiliskipulagsins mun hafa í för með sér neikvæð áhrif á ásýnd og landslag, en þar sem núverandi bílastæði á bergenu við Kirkjuvogsás verður lagt niður, þá verða einnig jákvæð áhrif á upplifun á landslagi og ásýnd svæðisins.

Umhverfisáhrif

Á bls. 9 í umhverfisskýrslu er fjallað um jarðminjar sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að ný náttúruverndarlög sem tekið hafa gildi eru lög nr. 60/2013, og þar er fjallað um jarðminjar og vistgerðir er njóta sérstakrar verndar í gr. 57.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint deiliskipulag sem er afar greinargott og minnir um leið á reglugerð um fráveitum og ný lög um náttúruvernd.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur